

Sent í samráðsgátt

Reykjavík, 24. október 2022

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Skrifstofa skattamála

Efni: Umsögn til fjármála- og efnahagsráðuneytisins um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld, mál nr. 191/2022

Bændasamtök Íslands vilja koma að eftirfarandi athugasemdum vegna frumvarps til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld.

Athugasemdirnar varða VII. kafla frumvarpsins er varða breytingar á búvörulögum nr. 99/1993 þar sem lagt er til að bráðabirgðaákvæði EE. laganna verði framlengt óbreytt út árið 2023. Bráðabirgðaákvæðið fjallar um þau tímabil sem heimilt er að flytja til landsins ýmsar tegundir grænmetis á lægri tollkjörum.

Tillaga Bændasamtaka Íslands

Lagt er til að *7. tl. bráðabirgðaákvæðis EE falli brott.*

Rökstuðningur

7. tl. bráðabirgðaákvæðisins fjallar um fastsett tímabil þar sem innfluttar kartöflur beri lægri innflutningstolla. Ákvæðið var sett til bráðabirgða í árslok 2021 og var því eingöngu ætlað að ná til innflutnings á árinu 2022, en tillagan var á sínum tíma lögð fram af ráðuneytinu í samræmi við sameiginlegar tillögur Bændasamtaka Íslands og Félags atvinnurekenda.

Telja samtökin að fyrirkomulagið sem felst í bráðabirgðaákvæðinu hafi gefist vel enda sé það hvatning til innlendra aðila um að auka framleiðslu til að mæta innlendri eftirspurn. Bændasamtök Íslands geta þó ekki stutt að tollflokkur sá sem tilgreindur er í 7. tl. bráðabirgðaákvæðisins og nær til innflutnings á kartöflum verði framlengdur enda hafa samtökin mótmælt þeirri framlengingu. Er þeirri framlengingu mótmælt á þeim grundvelli að sameiginleg tillaga Bændasamtaka Íslands og Félags atvinnurekenda á árinu 2021 hafi byggt á því að á þeim tímapunkti þegar hún var lögð fram hafi verið fyrirsjáanlegur skortur á kartöflum á árinu 2022 á grundvelli framleiðslu ársins 2021. Enginn slíkur skortur er hinsvegar fyrirsjáanlegur á árinu 2023 þegar þetta er skrifað. Því verður ekki séð að réttlæt看legt sé að leggja til niðurfellingu tolla á innfluttum kartöflum í júní árið 2023.

Að því sögðu eru fulltrúar Bændasamtakanna reiðubúnir til frekara samráðs og samtals um þau atriði sem fram koma í umsögn þessari.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands

Hilmar Vilberg Gylfason, lögfræðingur